James Thomas Robb, kt. 181289-4149 og Katrín Ólöf Einarsdóttir, kt. 030483-4649, bæði til heimilis að Hrefnugötu 3, Reykjavík (5. september 2014).

Páll Þór Pálsson, kt. 020759-4299 og Anna Þóra Paulsdóttir, kt. 230362-2899, bæði til heimilis að Sólheimum 3, Reykjavík (11. september 2014). *Afurköllun á kaupmála frá 1. ágúst 2000.*

Helga Hallbjörnsdóttir, kt. 200251-2109 og Eyjólfur Magnusson Scheving, kt. 010342-3339, bæði til heimilis að Vesturbergi 114, Reykjavík (16. september 2014). *Afurköllun á kaupmála frá 18. júní 2009.*

Árný Vigfúsdóttir, kt. 290476-5699 og Svavar Hörður Heimisson, kt. 070280-5909, bæði til heimilis að Gnoðarvogi 86, Reykjavík (25. september 2014).

Ásta Egilsdóttir, kt. 150850-3479 og Karl Ásgeirsson, kt. 200942-3459, bæði til heimilis að Kristnibraut 43, Reykjavík (29. september 2014).

Bogi Guðmundsson, kt. 100781-5309 og Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, kt. 121078-3259, bæði til heimilis að Grenibygð 32, Mosfellsbæ (30. september 2014).

Lárus Valberg Valbergsson, kt. 290355-7969 og Yingzi Shi, kt. 220186-4589, bæði til heimilis að Laugavegi 71, Reykjavík (25. september 2014).

Sýslumaður Snæfellinga,
28. nóvember 2014.

(2014020137

Útgáfud.: 3. desember 2014

Laus staða rannsóknarlögreglumanns - Eskifjörður

Við embætti lögreglustjórans á Eskifirði er laus til umsóknar staða rannsóknarlögreglumanns með starfsstöð á Eskifirði. Umsóknarfrestur er til 19. desember 2014.

Sett verður í stöðuna til reynslu í 12 mánuði frá og með 15. janúar 2015 með skipun í huga að reynslutíma loknum.

Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Hæfnikröfur:

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins.

Skipulagshæfni, sjálfstæði, sveigjanleiki og vandvirkni í vinnubrögðum, auk frumkvæðis í starfi og færni í samskiptum.

Góð tölvukunnátta og æskilegt að viðkomandi hafi nokkra reynslu af rannsóknum sakamála og haldgóða þekkingu.

Til þess að hljóta skipun í stöðu rannsóknarlögreglumanns sbr. 3. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 1051/2006 um starfsstig innan lögreglunnar, skal umsækjandi hafa starfað sem lögreglumaður í að minnsta kosti 2 ár frá því hann lauk prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Sá sem er skipaður til að gegna þessu starfi, skal sækja námskeið í Lögregluskólanum, sem sniðið er að starfinu, og eftir því sem slíkt námskeið er haldið, hafi hann ekki sótt það áður.

Frekari upplýsingar um starfið:

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknum skal skilað til lögreglustjórans á Eskifirði Strandgötu 52 735-Eskifjörður. Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Jónas Wilhelmsson Jensen yfirlögregluþjónn í síma 470-6135 eða í tölvupósti jonasw@logreglan.is.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum eyðublöð.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um skipun hefur verið tekin.

Starfshlutfall er 100%.

Lögreglustjórinn á Eskifirði.

(2014019940

Útgáfud.: 3. desember 2014

Laust embætti prests.

Biskup Íslands auglýsir laust til umsóknar embætti prests í Nesprestakalli, Reykjavíkurborgarprófastsdæmi vestra frá 1. febrúar 2015.

- Biskup Íslands skipar í embætti prests til fimm ára.
- Í Nesprestakalli er ein sókn, Nessókn, með tæplega ellefu þúsund íbúa og eina kirkju, Neskirkju í Reykjavík.
- Nesprestakall er á samstarfssvæði með Hallgrímsprestakalli, Dómkirkjuprestakalli, Háteigsprestakalli og Seltjarnarnesprestakalli.
- Um þjónustuskýldur í sókninni fer eftir samþykktum kirkjupings um innri málefni kirkjunnar.
- Valnefnd velur prest samkvæmt starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011 og er stuðst við ráðgjafa í öllu umsóknarferlinu.
- Við val á presti verður lögð áhersla á reynslu af kirkjulegu starfi, færni í prédikun og helgipjónustu, leiðtogaþæfileika, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Umsækjendur geri skriflega grein fyrir persónulegum upplýsingum, menntun sinni, starfsferli, samskiptahæfileikum svo og öðru því sem þeir óska eftir að taka fram. Staðfest afrit af prófskírteini skal fylgja umsókn svo og upplýsingar um starfsþjálfun.
- Umsækjendum ber að fylla út eyðublað þar sem biskupi er heimilaður aðgangur að sakaskrá viðkomandi umsækjanda. Skal undirrituð heimild þar um fylgja umsókninni. Eyðublaðið er á vef kirkjunnar, <https://innri.kirkjan.is/pdf/samthykkifyrir-oflun-upplýsinga-ur-sakaskra.pdf>
- Heimilt er að óska eftir því að almennar prestskosningar fari fram samkvæmt 15. gr. starfsreglna nr. 1109/2011.
- Um embættið gilda lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, starfsreglur er kirkjuping setur og samþykktir um innri málefni kirkjunnar. Einkum er vísað til starfsreglna um presta nr. 1110/2011.
- Um laun og önnur kjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs.
- Upplýsingar um embættið og helstu lög og reglur sem um það gilda, eru veittar á Biskupsstofu og hjá núverandi sóknarpresti Nesprestakalls.
- Umsóknarfrestur rennur út 7. janúar 2015.
- Umsóknir sendist biskupi Íslands, Biskupsstofu, Laugavegi 31, 150 Reykjavík.

Vísað er til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Sveinbjörg Pálsdóttir.

(2014019941

Útgáfud.: 3. desember 2014

Laus staða lögreglumanns - Eskifjörður

Við embætti lögreglustjórans á Eskifirði er laus til umsóknar staða lögreglumanns með starfsstöð í Neskaupstað, Fjarðabyggð. Umsóknarfrestur er til 19. desember 2014.

Sett verður í stöðuna til reynslu í átta mánuði frá og með 1. janúar 2015. Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar eru konur sérstaklega hvattar til þess að sækja um.

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins og vera sjálfstæðir í vinnubrögðum þar sem umsækjandi þarf að vera undir það búinn að vinna að einhverju leyti einn. Æskilegt er að hann hafi reynslu af rannsóknnum mála og góða almenna tölvukunnáttu.

Umsóknum skal skilað til lögreglustjórans á Eskifirði, Strandgötu 52, 735 Eskifirði. Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Jónas Wilhelmsson Jensen yfirlögregluþjónn í síma 470-6135 eða í tölvupósti: jonasw@logreglan.is.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna.

Starfshlutfall er 100%. Starfið er vaktavinna. Umsóknir, sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur, verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublaðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum eyðublað.

Lögreglustjórinn á Eskifirði.

(2014019942

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurstræti 17, Reykjavík á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

Ólafur Már Sævarsson,
kt. 181071-3119,
Hörðukór 1, Kópavogi

Skiptafundur:

18. desember 2014,
kl. 10.00

Reykjavík, 25. nóvember
2014.

F.h. Konráðs Jónssonar hdl.,
Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

(2014020152

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu dánarbúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 6, 2. hæð t.v., Reykjavík á neðangreindum tíma.

Dánarbúið er nú til skipta skv. lögum um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 62. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr búinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem hlut eiga að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr dánarbúinu.

Dánarbúi, nafn:

Sævar Rafn Jónasson,
kt. 170454-5969,
síðasta heimilisfang:
Hraunbæ 20, Reykjavík

Skiptafundur:

19. desember 2014,
kl. 10.30

Reykjavík, 1. desember 2014.

**Birgir Örn Guðmundsson
hdl.**

(2014020180

Útgáfud.: 3. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. júní 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. nóvember 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bú:

Ísmet ehf.,
kt. 420596-2869,
Engjateigi 17-19, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Upp í lýstar veðkröfur
samtals að fjárhæð kr.
884.419.624 greiddust kr.
205.000.000 Lýstar almennar
kröfur voru kr. 714.387.166

Reykjavík, 26. nóvember
2014.**Magnús Guðlaugsson hrl.**

(2014019947

Útgáfud.: 3. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 25. júlí 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta.

Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 17. nóvember 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bú:

K527 ehf.,
kt. 520104-2160,
Keilusiðu 4d, Akureyri

Lýstar kröfur:

kr. 109.735.143

Akureyri, 19. nóvember
2014.**Borsteinn Hjaltason hdl.**

(2014019948

Útgáfud.: 3. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. maí 2011 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. nóvember 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bú:

FFHI ehf.,
kt. 590607-0880,
Malarhöfða 2, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Lýstar almennar kröfur kr.
1.671.135 Upp í veðkröfur
greiddust kr. 108.900.000

Reykjavík, 26. nóvember
2014.**Magnús Guðlaugsson hrl.**

(2014019951

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 4. september 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. nóvember 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bú:

Ráðdeild og reikningshald kr. 6.204.012
ehf.,

Lýstar kröfur:

kt. 440809-0730,
Lyngási 18, Garðabæ

Hafnarfirði, 26. nóvember
2014.

Jón Auðunn Jónsson hrl.

(2014019955

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 4. september 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. nóvember 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Lýstar kröfur:

Biggi Byggir ehf.,
kt. 700107-1750,
Hraunhólum 4a, Garðabæ

Kr. 10.209.028

Hafnarfirði, 26. nóvember
2014.

Jón Auðunn Jónsson hrl.

(2014019961

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 5. febrúar 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. nóvember 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Lýstar kröfur:

Framleiðslan ehf.,
kt. 600207-0400,
Síðumúla 25, Reykjavík

kr. 330.360.604

Reykjavík, 26. nóvember
2014.

Jóhann H. Hafstein hrl.

(2014019966

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 6. nóvember 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 24. nóvember 2014 samkvæmt 154. gr. laga nr. 21/1991 með því að allar lýstar kröfur voru afturkallaðar.

Nafn bús:

Lýstar kröfur:

Daeng Boonsava,
kt. 010367-2639,
Strandaseli 8, Reykjavík

kr. 21.393.811

Reykjavík, 24. nóvember
2014.

Árni Einarsson hdl.

(2014020134

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. júní 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. nóvember 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Lýstar kröfur:

I.F.S. ehf.,
kt. 570908-0730,
Akralind 4, Kópavogi

kr. 83.084.636

Hafnarfirði, 26. nóvember
2014.

Jón Auðunn Jónsson hrl.

(2014020146

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 17. desember 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 28. nóvember 2014.

Úthlutunargerð búsins var samþykkt á skiptafundi við lok skipta 28. nóvember 2014.

Nafn bús:
Norðurlax hf.,
kt. 430778-0489,
Laxamáryri, Norðurþingi

Lýstar kröfur:
Upp í veðkröfur, samtals að fjárhæð kr. 56.854.811, greiddist 57,93%. Upp í forgangskröfur, samtals að fjárhæð kr. 2.365.206. greiddist 21,96%. Ekkert greiddist upp í lýstar alemmar kröfur, samtals að fjárhæð kr. 19.026.486.

Akureyri, 28. nóvember 2014.

Ingvær Þórroddsson hdl.

(2014020147

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 16. desember 2011 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. nóvember 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
FI fjárfestingar ehf., kt. 640398-2489, Fjölnisvegi 11, Reykjavík	Lýstar kröfur voru kr. 46.411.765.484 og GBP 486.569,15.

Reykjavík, 26. nóvember 2014.

Magnús Guðlaugsson hrl.

(2014020148

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. maí 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. nóvember 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
BÍP verktakar ehf., kt. 601299-2839, Skógarhlíð 10, Reykjavík	kr. 1.095.997.431

Reykjavík, 26. nóvember 2014.

Magnús Guðlaugsson hrl.

(2014020155

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 14. maí 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 1. desember 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
-----------	----------------

Járn og timbur ehf.,
kt. 420108-1090,
Smáratorgi 3, Kópavogi

kr. 11.822.904

Kópavogi, 1. desember 2014.

Kristján Valdimarsson hdl.

(2014020163

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. október 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 28. nóvember 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
-----------	----------------

B 86 ehf.,
kt. 411004-3090,
Smáratorgi 3, Kópavogi

kr. 60.171.648

Kópavogi, 1. desember 2014.

Kristján Valdimarsson hdl.

(2014020164

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 20. febrúar 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 28. nóvember 2014.

Lýstar kröfur skv. lögum 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. voru samtals kr. 317.477.762, þar af voru almennar kröfur kr. 317.433.610 og eftirstæðar kröfur kr. 44.152. Samkvæmt úthlutunargerðinni greiddust kr. 7.179.913 upp í almennar kröfur, sem voru samtals kr. 317.433.610 eða 2,26 hundraðshlutar. Ekkert greiddist upp í eftirstæðar kröfur.

Nafn bús:

AM Equity ehf.,
kt. 471106-1190,
Logasölum 5, Kópavogi

Lýstar kröfur:

kr. 317.477.762

Reykjaví, 28. nóvember
2014.

**Magnús Pálmi Skúlason
hdl.**

(2014020165

Útgáfud.: 4. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 11. september 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 1. desember 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Westman Adventures ehf.,
kt. 620509-0430,
Bárustíg 9, Vestmannaeyjum

Lýstar kröfur:

Samtals var lýst kröfum að
fjárhæð kr. 1.437.595.

Reykjavík, 1. desember 2014.

**Trausti Ágúst
Hermannsson hdl.**

(2014020167

Útgáfud.: 5. desember 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. mars 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 1. desember 2014.

Skiptum lauk með úthlutunargerð úr þrotabúinu, en samkvæmt henni greiddust kr. 953.666 upp í almennar kröfur eða 1,59 hundraðshlutar. Þá var skiptatrygging að fjárhæð kr. 350.000 endurgreidd að fullu. Ekkert fékkst greitt upp í eftirstæðar kröfur.

Nafn bús:

Eignarhaldsfélagið
ehf.,

Lýstar kröfur:

Vægi kr. 59.893.628

kt. 450900-3890,
Árlandi 1, Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2014.

F.h. Heimis Arnar
Herbertssonar hrl.,

Þórhallur Bergmann hdl.

(2014020188

Útgáfud.: 3. desember 2014

Auglýsing um skipulag - Garðabær

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1. Urriðaholt-Norðurhluti 2.áfangi, tillaga að deiliskipulagi.
Tillagan gerir ráð fyrir 179-198 íbúðareiningum í blandaðri byggð. Þar af verða um 139-158 íbúðir í fjölbýli, 24 í raðhúsum, 12 í parhúsum og 4 í einbýlishúsum. Leitast er við að skapa fjölbreytni í húsagerðum og lifandi tengsl bygginga og göturýma.

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á breytingum eftirfarandi deiliskipulagsáætlana í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Mosagata, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.

Svæðið sem breytingin nær til er 1.426 m². Við breytinguna fjölga íbúðum um 22 úr 79 í 101. Þar af fjölga fjölbýlisíbúðum úr 72 í 89 en sérbýlisíbúðum fjölga úr 7 í 12. Sérbýlisíbúðir voru raðhús en verða parhús, þar af verða 8 neðan götu en 4 ofan götu. Bílastæðum fjölga úr 170 í 233. Lóðamörk ofan fjölbýlishúsa breytast lítillega og svæðið sem skipulagið nær til stækkar lítillega til norðurs og austurs.

3. Bæjargata 11-19, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðholts.

Tillagan gerir ráð fyrir því að ákvæði um hæð raðhúsagerðar R3 á lóðinni breytist úr 3 hæðum í 2-3 hæðir.

4. Urriðaholtsstræti 6-8, tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts viðskiptastrætis.

Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðin minnki úr 5.261 m² í 3.899 m² eða um 1362 m². Mörk deiliskipulagsins breytast. Bílastæðum á lóðinni fækkar um 12.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 3. desember 2014 til og með 14. janúar 2015. Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 14. janúar 2015.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykktir henni.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar.

(2014019937)

Útgáfud.: 2. desember 2014

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **K74 ehf.**

Kt.: 581114-1170.

Heimili og varnarþing: **Hvannhólma 30, 200 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er: 7. nóvember 2014.

Stofnendur: Karen Elisabet Halldórsdóttir, kt. 190274-4469, Lækjasmára 68, 201 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 7. nóvember 2014.

Stjórnarmaður: Karen Elisabet Halldórsdóttir. Varastjórn: Halldór Jónsson, kt. 031137-2769, Boðarþingi 8, 203 Kópavogur.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Karen Elisabet Halldórsdóttir.

Prókúruumboð: Karen Elisabet Halldórsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Guðmundur Snorrason, kt. 070258-7579, Tjarnarmýri 33, 170 Seltjarnarnes.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er útleiga fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Nei.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2014019888)

Útgáfud.: 5. desember 2014

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi: Hörður Þór Jóhannesson, kt. 230182-5589, Óstaðsettur í hús í Reykjavík.

Kröfunúmer: 0301-140521.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Karl Óttar Pétursson hrl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 411.635, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 411.635 frá 30. september 2014 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir og málsástæður: Krafa stefnanda byggir á uppsafnaðri skuld stefnda við stefnanda á veltureikningi nr. 0301-26-3505. Veltureikningurinn tilheyrir útbúi stefnanda og er skuldin til komin vegna yfirdráttarheimildar sem samþykkt var af hálfu stefnanda að ósk stefnda. Með öðrum orðum fékk stefndi heimild frá stefnanda til að yfirdraga nefndan reikning upp að tiltekinni fjárhæð og stofna þannig til skuldar við stefnanda.

Síðasta yfirdráttarheimild sem stefnandi samþykkti féll niður þann 24. júlí 2014, án þess að til framlengingar kæmi og bar stefnda því að greiða kröfuna á þeim degi. Skuldin var þó ekki greidd á gjalddaga og var reikningnum í kjölfarið lokað, nánar tiltekið þann 30. september 2014. Nam þá uppsöfnuð skuld veltureikningsins stefnufjárhæð málsins, sbr. dskj. nr. 3. Stefndi hefur reglulega fengið send yfirlit frá stefnanda um stöðu reikningsins á hverjum tíma, en stefnandi veit ekki til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þau yfirlit.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefndu að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutílaunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi krefst ekki dráttarvaxta frá umsömdum gjalddaga kröfunnar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu heldur lætur stefnandi nægja að krefjast dráttarvaxta frá síðara tímamarki, þ.e. frá þeim degi sem reikningnum var lokað, til hagsbóta fyrir stefndu.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi með óþekkt heimilisfang. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatílvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningaskrá.
4. Tilkynning um heimild.
5. Innheimtubréf.
6. Tilkynning um vanskil vegna yfirdráttar.
7. Útprentun úr þjóðskrár.
8. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 12. febrúar 2015, kl. 10,00 og

svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 17. nóvember 2014.

F. h. stefnanda,

Karl Óttar Pétursson hrl.

(2014020197

Útgáfud.: 5. desember 2014

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf, kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Stefndi: Þráinn Júlíusson, kt. 310571-3509, óþekkt lögheimili í Noregi.

Kröfunúmer 0301-120471.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Karl Óttar Pétursson hrl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 939.890, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 939.890 frá 31. ágúst 2012 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir og málsástæður: Krafa stefnanda byggir á uppsafnaðri skuld stefnda við stefnanda á veltureikningi nr. 0301-26-200354. Veltureikningurinn tilheyrir útibúi stefnanda og er skuldin til komin vegna yfirdráttarheimildar sem samþykkt var af hálfu stefnanda að ósk stefnda. Með öðrum orðum fékk stefndi heimild frá stefnanda til að yfirdraga nefndan reikning upp að tiltekinni fjárhæð og stofna þannig til skuldar við stefnanda.

Síðasta yfirdráttarheimild sem stefnandi samþykkti rann út þann 4. júlí 2011, án þess að til framlengingar kæmi og bar stefnda því að greiða kröfuna á þeim degi. Skuldin var þó ekki greidd á gjalddaga og var reikningnum í kjölfarið lokað, nánar tiltekið þann 31. ágúst 2012. Nam þá uppsöfnuð skuld veltureikningsins stefnufjárhæð málsins, sbr. dskj. nr. 3.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutílaunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi hefur fengið send regluleg yfirlit frá stefnanda um stöðu reikningsins á hverjum tíma, en stefnandi veit ekki til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þau yfirlit.

Stefnandi krefst ekki dráttarvaxta frá umsömdum gjalddaga kröfunnar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu heldur lætur stefnandi nægja að krefjast dráttarvaxta frá síðara tímamarki, þ.e. frá þeim degi sem reikningnum var lokað, til hagsbóta fyrir stefnda.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi með óþekkt heimilisfang í Noregi. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en ofangreind krafa tilheyrir útibúi stefnanda í Reykjavík, þar sem stefndi bar að efna kröfuna.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningaskrá.
4. Tilkynning um heimild/Samrit vaxtanótta.
5. Innheimtubréf.
6. Tilkynning um vanskil vegna yfirdráttar.
7. Staðfesting innheimtuaðila erlendis um óþekkt heimilisfang.
8. Staðfesting frá þjóðskrá um heimilisfang.
9. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 12. febrúar 2015, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 17. nóvember 2014.

F. h. stefnanda,

Karl Óttar Pétursson hrl.

(2014020198

Útgáfud.: 5. desember 2014

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,

Ingimundur Einarsson,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Tryggvi Agnarsson hdl., Lagarökum, lögmannsstofu, f. h. Atoz sf., kt. 440108-0240, Borgartúni 3, Reykjavík, að hann þurfti að fengnu leyfi lögum samkvæmt að höfða ógildingarmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi.

I. Dómkröfur: Dómkröfur stefnanda eru þær að veðskuldabréf að fjárhæð kr. 580.480, útgefið hinn 30. apríl 2009 til Ottós Harðar Guðmundssonar, kt. 221165-4549, af Gregor Vajdic, kt. 230379-3519, með 4. veðrétti í Torfufelli 31, Reykjavík, eign nr. 060301, fastanr. 205-2940, verði ógilt með dómi svo aflýsa megi bréfinu af veðinu.

II. Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Tryggvi Agnarsson hdl., Lagarökum ehf., lögmannsstofu, Síðumúla 27, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

III. Málavextir og málsástæður: Málsatvik eru þau að stefnandi kveður veðskuldabréf þetta hafi glatast og hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla eftirgrennsan. Því sé honum nauðsynlegt að fá það ógilt með dómi til þess að aflýsa megi veðinu af Torfufelli 31, Reykjavík, merkt 060301, fastanr. 205-2940. Stefnandi hafi fengið bréfið framselt frá upphaflegum handhafa þess Ottó Herði Guðmundssyni, hinn 9. mars 2010. Hann hafi fengið sama dag annað bréf með sama veði og útg. af sama útgefanda framselt sér. Nú sé búið að selja eignina og þurfi að aflýsa bréfinu.

IV. Lagarök: Stefnandi vísar til XVIII. kafla laga um málsmeðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 120. og 121. gr. Varðandi varnariðing er vísað til 2. tl. 120. gr. s.l. Þá er vísað til c- liðar 1. mgr. 89. gr. og 3. mgr. 91. gr. s.l.

V. Skjöl og önnur sönnunargögn: Við þingfestingu málsins hyggst stefnandi leggja fram frumrit ógildingarstefnu, ljósrít veðskuldabréfs, þinglýsingarvottorð fasteignarinnar að Torfufelli 31, Reykjavík, merkt 060301, fastanr. 205-2940 og Lögbirtingablað það sem stefnan var birt í. Ljósrít annarra skuldabréfa á sama veðrétti. Auk þess yfirlýsing Ottós Harðar Guðmundssonar, um framsal hans á skuldabréfinu til stefnanda.

VIII. Áskorun og fyrirkall: Vegna þessa stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telja til réttar yfir því til að mæta þegar mál þetta verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 8. janúar 2015 kl. 10.00. Til þess þar og þá að sanna rétt sinn til bréfsins þar sem ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 10. nóvember 2014.

Ingimundur Einarsson.

(2014020199

Útgáfud.: 4. desember 2014

Fjárræðissvipting

Með vísan til 3. mgr. 14. gr. lögræðislaga nr. 71, 1997 tilkynnist að með úrskurði, uppkveðnum 28. nóvember 2014 í héraðsdómi Reykjavíkur, var Rakel Ósk Ævarsdóttir, kt. 290675-6189, til lögheimilis í Sporhömrum 5, Reykjavík, svipt fjárræði í tvö ár.

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands 27. nóvember 2014 var Ólafur Þór Ólafsson kt. 170986-2539, sviptur fjárræði í 12 mánuði.

Borgarnesi 3. desember 2014.

Allan V. Magnússon dómstjóri.

(2014020178

Útgáfud.: 4. desember 2014

Auglýsing um breytingu á áfrýjunarfjárhæð

Áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91 31. desember 1991, sbr. 6. gr. laga nr. 38 19. apríl 1994, er kr. 776.097.

Áfrýjunarfjárhæð þessi tekur gildi 1. janúar 2015 og gildir fyrir árið 2015.

Innanríkisráðuneytinu,

3. desember 2014.

(2014020179

Lögbirtingablað,

100. tölublað 2014.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.